



151. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ fimmtudaginn 11. september 2008 kl. 16:15 í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Örn Andrésson, Engilbert Olgeirsson, Sigríður Jónsdóttir, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.  
Forföll boðuðu Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson og Oddný Árnadóttir 2. varamaður.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

### 1. Ólympíuleikar í Peking

Forseti óskaði fundarmönnum til hamingju með vel heppnaða Ólympíuleika og silfurverðlaun karlalandsliðsins í handknattleik. Hann sagði skýrslur aðalfararstjóra og flokkstjóra verða lagðar fyrir framkvæmdastjórn síðar og einnig ætti eftir að ganga frá fjárhagslegu uppgjöri leikanna.

Þakkir til starfsfólks ÍSÍ frá forseta og framkvæmdastjórn færðar til bókunar.

Forseti sagði framkvæmd leikanna hafa tekist afar vel og allt skipulag, aðstaða og aðbúnaður hefði verið til fyrirmyndar í Peking.

Rætt almennt um íþróttaleg lágmark, undirbúning og fyrirmyndir.

### 2. Afrekssjóður/Ólympíufjölskylda

Rætt um framtíðarhlutverk Afrekssjóðs og Ólympíufjölskyldu. Samþykkt að ræða þetta málefni frekar á vinnufundi framkvæmdastjórnar sem fyrirhugað er að halda innan tíðar.

### 3. Formannafundur ÍSÍ

Samþykkt að halda Formannafund ÍSÍ 14. nóvember nk. á höfuðborgarsvæðinu.

### 4. Verkefnasjóður ÍSÍ

Rætt um hlutverk sjóðsins og framtíð. Rætt um nýjar leiðir í fjáröflun og styrkþarfir sem skapast hafa í íþróttahreyfingunni til söguritunar og heimildaskráningar en fjölmörg íþróttafélög eru að ná 100 ára aldrinum.

### 5. Nýjar íþróttagreinar

Tvær nýjar íþróttagreinar hafa óskað eftir viðurkenningu frá ÍSÍ:

#### a. Sæpotusport

Sæpotusport er ekki viðurkennt af Ólympíuhreyfingunni en finna má íþróttina undir mótorsportssamböndum í Noregi og Finnlandi. Ákveðið að benda viðkomandi áhugamannafélagi að hafa samband við Mótorsportshjól- og vélsleðaiþróttasambands Íslands og kanna áhuga þar á bæ um að taka íþróttina undir sinn væng.

#### b. Hafnabolti og mjúkbolti

Hafnabolti og mjúkbolti eru viðurkenndar íþróttagreinar undir Ólympíuhreyfingunni og er einnig að finna undir íþróttasamböndum Norðurlanda. Samþykkt að viðurkenna íþróttina sem íþrótt innan ÍSÍ.

## **6. Ólympíuþing IOC**

Forseti minnti framkvæmdastjórn á þátttöku í undirbúningi Ólympíuþings IOC sem haldið verður á næsta ári. Forystumenn í ólympíuhreyfingunni eru hvattir til að tjá sig í gegnum vefslóð sem opin er á vefnum. Afar mikilvægt er að góð þátttaka náist svo að undirbúningsnefndin hafi úr nógu að moða.

## **7. Kæra Jóhanns Reynissonar og úrskurður Dómstóls ÍSÍ**

Lögð fram kæra Jóhanns Reynissonar gegn forseta ÍSÍ sem æðsta aðila framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Einnig lagður fram úrskurður Dómstóls ÍSÍ í málinu. Jóhann hefur nú lagt fram áfrýjun til Áfrýjunardómstóls ÍSÍ vegna málsins.

## **8. Kynningamál**

Forseti kynnti tillögur að nýju kynningarefni fyrir ÍSÍ. Stefnt er að því að koma upp grunni með margvíslegu efni er tengist starfsemi ÍSÍ, til að auðvelda framsögu fulltrúa ÍSÍ við ýmis tækifæri.

## **9. Fundargerðir**

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- a. 150. fundur framkvæmdastjórnar
- b. 13. fundur framkvæmdaráðs frá 31.7.2008
- c. 45. fundur Almenningsíþróttasviðs frá 1.7.2008
- d. 12. fundur Nefndar um íþróttir aldraðra frá 19.5.2008

## **10. Næstu fundir**

Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ eru fyrirhugaðir á eftirfarandi dagsetningum:

Vinnufundur í september/október

13. nóvember

14. nóvember Formannafundur

4. desember

## **11. Skipan Hnefaleikanevndar**

Hnefaleikanevnd ÍSÍ hefur óskað eftir því að fækkað verði í nefndinni. Óskað er eftir því að eftirtaldir sitji í nefndinni:

Ágústa Hera Birgisdóttir, Konstantín Mikaelsson, Ólafur Guðlaugsson og Unnar Karl Halldórsson.

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari